Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2020

2010	Bjarki Pétursson	Golf
2011	Bjarki Pétursson	Golf
2012	Bjarki Pétursson	Golf
2013	Konráð valur Sveinsson	Hestaíþróttir
2014	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna /karfa og frjálsar
2015	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna
2016	Sigrún Sjöfn Ámundadóttir	Körfuknattleikur
2017	Máni Hilmarsson	Hestaíþróttir
2018	Bjarni Guðmann Jónsson	Körfuknattleikur
2019	Bjarki Pétursson	Golf
2020	Bjarki Pétursson	Golf



Ársskýrslur aðildarfélaga

Körfuknattleiksdeild Skallagríms



Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á aðalstjórn og ráðum deildarinnar á starfsárinu 2020. En við árslok 2020 þá eru sex manna aðalstjórn þannig skipuð: Skúli Guðmundsson og Birgir Heiðar Andr sson fr  mfl. r ði karla, Þ rhildur Mar a Kristinsd ttir og Gu veig Eygl ard ttir fr  mfl. r ði kvk og P lmi Þ r S varsson og Krist n J nsd ttir fr  yngri flokka r ði.

Sigr n Halla G slad ttir er gjaldkeri en starfar utan stj rnar.

  yngri flokka r ði eru: P lmi Þ r S varsson, Krist n J nsd ttir, Ingibj rg J nasd ttir, Arnar V  ir J nsson og  ris Gunnarsd ttir.   mfl. r ði kvenna eru: Þ rhildur Mar a Kristinsd ttir, Gu veig Eygl ard ttir, L ra Magn sd ttir og Haukur Erlendsson.   mfl. r ði karla eru: Birgir Hei ar Andr sson, Flosi Hrafn Sigur sson, Eir kur Þ r Theod rsson, Sk li Gu mundsson og Þorkell M r Einarsson.

H r   eftir fylgir greinarger  um starf s  asta  rs

Innan k rfuknattleiksdeildarinnar starfar fj ldi manns b  i vi  leik og st rf. Þ r sv fur ungmennaf lagsandinn yfir v tnum þ r sem unni  er   sj lfbo avinnu fyrir utan þ      þ  lfarar eru r  nir til starfa.   undanf rnum  rum hefur i kendum fj lga  miki  og eru i kendur n  t plega 200. Þ ir eru fr  6  ra aldri og langlei ina   sj tugu. K rfuknattleiksdeild Skallagr ms er fyrirmyndarfelag  S  fr  2015 og er n  haf n vinna vi    endurn ja þ  vottun og fara yfir þ r  herslur sem deildin þ r   uppfylla til   geta  fram talist fyrirmyndarfelag.

Yngri flokkar

K rfuknattleikur hefur lengi bori  or spor Borgarbygg ar v  a. G  ur  rangur Skallagr ms hefur vaki  athygli og sveitarfelagi  fengi  mikla umfj llun   fj lmi lum vegna þ ss.   vetur hefur Skallagr mur veri  me  flokka   yngri deildum    slandsm ti og unga f lki  sta i  sig gr  arlega vel. Þ r j kv  u breytingar hafa or i    i kendah pi Skallagr ms   k rfubolta   st lkum hefur fj lga  þ r jafnt og þ tt undanfarin  r.  hyggjur af þ tt kuleysi þ irra     r ttinni sem h   u veri  til sta ar eru n    undanhaldi, en  fram þ rf   huga vel   þ ssum h pi i kenda og byggja hann upp til   f  enn fleiri st lkur   h pinn.   kj lfar Covid fars ttarinnar voru  hyggjur af brottfalli i kenda. Þ r  hyggjur reyndust   arfar þ v  reyndin var s     rlitil fj lgun i kenda  tti s r sta .

Miki  er um keppnisfer ir og m tahald hj  svona st rum h pi i kenda og hafa veri  m t n nast allar helgar fr  upphafi keppnist mabilsins hj  einhverjum aldursh pi. Þ   er gaman   sj  hversu margir eru tilb nir   leggja fram starfskrafta s na svo allt gangi upp b  i vi  fer al g

og skipulagningu móta hér heima. Sökum farsóttarinnar var keppni hins vegar mjög takmörkuð í yngri flokkum í körfuknattleik á árinu 2020.

Undanfarin ár hefur verið lagt kapp á að efla yngri flokka deildarinnar þar sem þeir eru undirstaða þess að halda úti metnaðarfullum meistaraflokkum sem byggja á þátttöku heimamanna. Með það að markmiði að halda úti öflugum yngri flokkum hefur deildin verið að byggja upp þéttan hóp þjálfara sem sækir reglulega þjálfaranámskeið í þeim tilgangi að bæta sig og efla í störfum sínum fyrir félagið.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur kvenna leikur í úrvalsdeild, vann sér sæti þar vorið 2016 og hefur leikið í þeirri deild allar götur síðan. Liðið hélt áfram góðum árangri í lok árs 2019 og unnu bikarmeistaratitil í febrúar 2020. Liðið var geysisterkt og til alls líklegt í úrslitakeppni sem svo því miður ekkert varð af vegna farsóttarinnar. Tímabilið 2020-2021 hófst á keppni um meistura meistaranna sem við unnum á heimavelli í september áður en sjálft tímabilið hófst. Náði liðið svo að spila tvo leiki áður en íþróttastarfi var gert að fara í pásu fram yfir áramót vegna farsóttarinnar. Unnust báðir þeir leikir. Þjálfari liðsins er Guðrún Ósk Ámundadóttir.

Meistaraflokkur karla var með það markmið fyrir tímabilið 2019-2020 að spila meira á uppöldum heimamönnum og var krafa um árangur sett til hliðar. Teljum við það markmið hafa gengið ágætlega þó eftir á að hyggja er aldrei gaman að tapa þetta mikið af leikjum og raun bar vitni síðasta tímabil. Fyrir tímabilið 2020-2021 var ákveðið að setja örlítið meira púður í þetta hjá okkur og var fengin aukin liðstyrkur til liðsins. Tókst liðinu að vinna eina leikinn sem spilaður var í deildarkeppni á árinu 2020 í byrjun október áður en íþróttastarfi var gert að fara í pásu fram yfir áramót vegna farsóttarinnar. Þjálfari liðsins er Atli Aðalsteinsson og honum til aðstoðar er Hafþór Ingi Gunnarsson

Fjármál/Fjárafánir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla og kvenna. Auk þess hafa sjálfboðaliðar tekið þátt í ýmsum verkefnum sem hafa skilað deildinni tekjum. Deildin hefur komið sér upp nokkrum föstum verkefnum, svo sem þorablóti í febrúar og nytjamarkað í Brákarey í Borgarnesi sem er rekinn á vegum deildarinnar. Deildin hefur einnig í nokkurn tíma selt fisk til fjölmargra aðila, skipulagt bílabón, og framkvæmt kjöt-, grænmetis- og eggjasölu ásamt því skötuveisla var haldin í fyrsta skipti á Þorláksmessu 2019. Alheimsfaraldur hefur hins vegar sett risastórt strik í allar þessar fjárafánir sem einhverjar hafa einfaldlega ekki getað farið fram meðan annað hefur þurft að taka mismiklum breytingum.

Áhersla er á það í fjármálum deildarinnar að aðskilja rekstur yngri flokka og meistaraflokka.

Áherslur næsta tímabils

Stefnt er að því að halda áfram öfluggu starfi yngri flokka, fjölga þarf iðkendum jafnt og þétt eins og undanfarin ár. Það má þó segja að aðstaðan í núverandi íþróttahúsi í Borgarnesi sé vexti deildarinnar til trafala og eru það engar nýjar fréttir. Vonast er til að hægt sé að bjóða uppá aukaæfingar næsta sumar fyrir þá iðkendur sem vilja til þess að undirbúa næsta tímabil. Á þetta bæði við um yngri iðkendur sem og þá sem eru í meistaraflokkum félagsins. Stefnt er að því að halda vel utan um leikmenn í meistaraflokkum félagsins hvort sem það er innan vallar eða utan og halda þeim liðum samkeppnishæfum í sínum deildum.

Lögð verður áhersla á að styðja þá einstaklinga sem verið hafa að þjálfa fyrir deildina til þess að efla sig áfram í þeim störfum. Einnig verður áhersla á að styðja við bakið á þeim sem hafa áhuga á því að ná sér í dómararéttindi sem og þeim sem vilja ná sér í réttindi á ritaraborðið.

Áfram verður unnið að því að gæta jafnréttis í hvívetna hjá félaginu, þannig verður iðkendum gert jafn hátt undir höfði hvort sem þeir æfa og keppa fyrir kvenna eða karla lið félagsins. Gætt verður að því að umfjöllun og auglýsingar á vegum deildarinnar taki jafnt til karla og kvenna.

Að lokum er ástæða til þess að þakka öllum sem koma að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms. Á þetta við um þá sem eru í stjórnnum, styrktaraðila, þá sem starfa í kringum leiki og mót, foreldra sem leggja sitt af mörkum og þá fjölmörgu sem koma að fjáröflunum fyrir deildina. Án þessa hóps væri starf deildarinnar ekki eins öflugt og raun ber vitni.

Borgarnesi 9. febrúar 2021

f.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Skúli Guðmundsson

Hestamannafélagið Borgfirðingur



Stjórn félagsins sem kosin var á aðalfundi Borgfirðings þann 19.nóvember 2019 hefur verið þannig skipuð:

Ólafur Flosason, form., Halldór Sigurðsson, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Halldór Sigurkarlsson, gjaldkeri, Ingvar Þór Jóhannsson, Harpa Sigríður Magnúsdóttir, Haukur Bjarnason og Baldur Pétursson meðstjórnendur.

Stjórn Borgfirðings hefur á starfsárinu haldið 16 bókaða stjórnarfundum auk óformlegra funda stjórnarmanna í fjarfundarbúnaði. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi og sambandsþing hjá UMSB.

Stjórnin hóf starfsár sitt á að fara yfir áherslur fyrir starfið fram undan og var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna, en þar er markmiðið að hver stjórnarmaður beri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda sé virkjað og þá um leið að viðkomandi stjórnarmaður sé tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta er liður í að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja sem best starf stjórnar við nefndir og starfsemina almennt í félaginu.

En síðan þegar starfið átti að fara af stað – með Íþróttamótum í Faxaborg líkt og fyrri ár, ásamt því að stefnan var að fara í vinnu við stefnumótun fyrir félagið kom til þess að öllu var skellt í lás á Íslandi, Covid19 faraldurinn skall á og sér vart fyrir endann á því enn þá. Þetta hafði það í för með sér að hefðbundin vetrarstarfsemi félagsins lagðist af. Þegar leið fram á vorið var þó sýnt að hægt væri að efna til mótahalds með nokkuð hefðbundnum hætti, enda hafði þá verið slakað á fjöldatakmörkunum þannig að það var unnt. Stóð félagið fyrir þremur mótum sem öll tókust afar vel í alla staði. Startmótið, töltmót, gekk frábærlega vel, bryddað var upp á keppni í nýjum greinum sem lukkuðust vel. Var skráning á þetta mót góð. Næsta mót var gæðingamót Borgfirðings, Snæfellinga og Dreyra sem var tveggja daga mót og var skráning með besta móti – þetta mót gekk vel fyrir sig og vakti almenna ánægju. Síðasta mótið, haldið um miðjan júlí, var svo Íþróttamót Borgfirðings. Var rennt nokkuð blint í sjóinn með þátttöku þar sem nokkuð var liðið á sumarið en raunin varð sú að mótið sprengdi utan af sér tímaramman sem gefinn hafði verið þannig að þurfti að lengja mótið um hálfan dag, en skráningar voru á þriðja hundrað. Þrátt fyrir að fyrirvari á breytingum á tíma væri stuttur tókst allt vel og var mótið hið glæsilegasta á allan hátt. Í þessum glugga sem skapaðist til mótahalds náðist að halda úti hefðbundnu mótahaldi með glæsilegum hætti. Haustið er að venju frekar rólegur tími hjá hestamönnum en sá tími þó venjulega nýttur til fræðslu og annars undirbúnings fyrir starf vetrarins. En vegna sóttvarnareglna gafst ekkert tækifæri til þess og hefur ekki enn náðst að halda aðalfund, sem skv. lögum félagsins á að halda fyrir 1. des. ár hvert og enn fremur hefur ekki af sömu sökum ekki verið boðað til nema tveggja fræðslufunda áður en öllu var skellt í lás í mars s.l.

Námskeiðahald var rétt farið af stað fyrir lokun en það tókst að ljúka knapamerkja námskeiðum í maí og keppnisnámskeiði fyrir börn og unglinga að mestu, einnig námskeiði fyrir 50+. Nú í febrúar eru svo að fara í gang námskeið, bæði fyrir börn og fullorðna innan þess ramma sem okkur er settur.

Reiðveganefnd vann að nýlagningu og endurbótum reiðvega víða um hið stóra félagssvæði félagsins. Er þar mikið verk að vinna.

Upplýsingagjöf til félagsmanna um viðburði og starfsemina hefur sem fyrr að mestu farið fram í gegnum Facebook síðu félagsins og póstlista og heimasíðuna borgfirdingur.is sem opnuð var í maí 2019.

En eins og sjá má af þessari skýrslu var starfið að miklu leyti í klóm Covid og þeim takmörkunum sem sóttvarnareglur settu okkur. Starfsemi hestamannafélags felst mikið í því að koma saman, etja kappi, fræðast og skemmta sér. Því eru 10 og 20 manna samkomutakmarkanir verulega hamlandi fyrir starfsemina. En sumarið var okkur gott að flestöllu leyti, júní og júlí fræðabærir mánuðir – svo komu fjöldatakmörkanir í byrjun ágúst í veg fyrir að blásið væri til síðsumarsferðar líkt og vonir stóðu til að hægt yrði.

Árið 2020 var mjög sérstakt ár svo ekki sé dýpra í árinni tekið, vonandi tekst okkur að koma starfinu í fullan gang sem fyrst þannig að varanlegur skaði fyrir íþróttahreyfinguna verði ekki það sem við sitjum uppi með.

Borgarnesi 9.2.2021

Kristján Gíslason
Ritari Hmf. Borgfirðings.

Golfklúbburinn Glanni

Golfklúbburinn Glanni

Vinnudagur var laugardaginn 2. maí, opinber opnun golfvallarins var 16. maí og opnun golfskálans sama dag. Völlurinn kom vel undan vetri og veðrið var okkur hliðholtt síðustu dagana fyrir opnun. Á golfvellingnum var einn starfsmaður í fullu starfi og annar í hlutastarfi. Eins fengum við ungling frá vinnuskólanum til okkar í nokkrar vikur og vonandi verðum áframhald á samstarfi okkar við Vinnuskóla Borgarbyggðar. Starfsmennirnir okkar stóðu sig mjög vel við umhirðu vallarins og það ber að þakka og vonandi verða þeir áfram hjá okkur.

Samstarfssamningur voru við flest stéttarfélögin sem eiga orlofshús í Munaðarnesi. Einnig voru gerðir vinavallasamningar við nokkra golfklúbba. Við vorum áfram í samstarfi við Hótel Bifröst og Hótel Varmaland. Skipulögð voru tvö mót, Opna Glanna mótið og innanfélagsmót en vegna samkomubanns þá var ákveðið að aflýsa mótunum. Við rekstur á golfvellingnum urðum við að gera þær ráðstafanir sem settar voru vegna Covid-19 og gekk það mjög vel, bæði á vellingnum og í golfskálanum. Þess má geta að við réðumst í það að kaupa notaða brautarslátturvél erlendis frá sem var fjárfrek framkvæmd en komin var tími á endurnýjun. Fyrir síðasta sumar átti að setja upp salernisgám við hliðina á golfskálanum sem mun bæta salernisaðstöðuna fyrir ferðafólk og golfara. Einnig stóð til að stækka bílaplanið. Þessum framkvæmdum var frestar en vondandi verður þetta unnið og klárið fyrir vorið. Á síðasta sumri var hafin vinna við gerð æfingapúttflatar og þeirri vinnu verður haldið áfram og stefnan er að taka hana í notkun um mitt sumar.

Rekstrarafkoma golfvallarins var góð og því verðum við að þakka að golfarar komust ekki erlendis í golfferðir vegna Covid-19 og fóru því víða um land og spiluðu golf. Golfvöllurinn okkar var mjög góður síðastliðið sumar og mikið tekið eftir því hvað flatirnar voru góðar. Vonandi verður tíðin þannig í vetur að völlurinn komi vel undan vetri og það vori snemma. Við væntum þess að golfarar muni heimsækja okkur mikið í sumar því ekki verður mikið um utanlandsferðir í vor og sumar. Svo vonandi eigum við eftir að fá aukna umferð á völinn vegna þeirra góðu umfjöllunar sem völlurinn fékk á síðasta ári. Rekstraraðili golfskálans, sem var opinn fram í september, var ánægður með afkomuna og mun hann taka að sér rekstur hans áfram.

Ekki hefur verið hægt að halda aðalfund sem venjulega er haldinn í nóvember en núna á að reyna að halda aðalfundinn í mars. Sama stjórn er því enn þá starfandi.

Í stjórn eru:

Snorri Þórðarson formaður,
Garðar Hilmarsson varaformaður,
Viðar Þorsteinsson gjaldkeri,
Kristbjörg Lilja Rúnarsdóttir ritari,
Kolbeinn Pálsson meðstjórnandi,
Jón Freyr Jóhannsson varamaður.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, nefndarmönnum og þeim félagsmönnum sem hafa mætt og unnið með okkur á vellinum fyrir vel unnin störf á síðasta rekstrarári. Rekstur golfvallarins myndi ekki ganga svona vel nema með þessari sjálfboðavinnu sem unnin er af félags- og stjórnarmönnum fyrir golfklúbbinn.

Kveðja f.h. Golfklúbbsins Glanna
Snorri Þórðarson formaður

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Árið 2020 var annasamt hjá félaginu og frá mörgu er að segja. Á vorönninni vorum við með æfingar fyrir allan aldur, á mánudögum fyrir skólahóp leikskólanna og upp í 4. bekk og svo á þriðjudögum fyrir 5. bekk og uppúr. Einnig voru þrekæfingar á miðvikudögum fyrir 5. bekk og eldri. Reyndist það fyrirkomulag vel og var fjöldi á æfingum góður. Þjálfarar voru Unnur Jónsdóttir og Hafrún Birta Hafliðadóttir. Í sumar voru æfingar á mánudags- og miðvikudagseftirmiðdögum og var mæting sæmileg. Á haustönninni buðum við aftur upp á æfingar fyrir skólahóp og upp í 4. bekk á mánudögum, var það Hafrún Birta sem tók þann hóp að sér. Á þriðjudögum voru svo æfingar fyrir 5. bekk og upp úr. Aukning hefur orðið á þátttöku á æfingum og er það afar ánægjulegt, hópurinn er mjög fjölbreyttur og skemmtilegur. Unnur Jónsdóttir sá um þessar æfingar. Hafrún Birta hefur stýrt þrekæfingum á miðvikudögum og hefur það gengið mjög vel.

Aðalfundur félagsins var haldinn í byrjun apríl, Unnur Jónsdóttir hélt áfram sem formaður félagsins og Sæunn Ósk Kjartansdóttir hélt áfram starfi sínu sem gjaldkeri, Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir baðst undan áframhaldandi ritarastörfum og tók Hafrún Birta Hafliðadóttir þau að sér. Meðstjórnendur árið 2020 voru Harpa Rut Jónasdóttir og Sigríður Ása Guðmundsdóttir. Frjálsíþróttafélagið hélt vormót sitt þann 2. júní, var þátttaka ágæt með 75 keppendum. Nokkuð kom af gestum til keppni á mótinu og var það skemmtileg tilbreyting

Kastarar hafa síðustu ár leitað til okkur um að halda mót fyrir sig þar sem völlurinn er í góðu standi og reynsla af keppnishaldi mikil á svæðinu. Í sumar héldum við tvö slík mót annars vegar í maí þar sem kepptu 30 keppendur. Á því móti setti Elísabet Rut Rúnarsdóttir frá ÍR glæsilegt íslandsmet í sleggjukasti. Hins vegar í júlí þar sem keppendur voru ekki nema 6 og var það mót haldið að beiðni Sigursteins Ásgeirssonar þar sem hann var að reyna við lágmark í kúluvarpi inn á norðurlandamót 19 ára og yngri. Það markmið hans náðist ekki á mótinu, en hann aftur á móti náði því skömmu síðar á móti á Selfossi og fór því og keppti fyrir Íslands hönd á mótinu með flottum árangri.

Okkar iðkendur eru flestir börn og unglingar og hafa mismikinn áhuga á að taka þátt í keppni. Það var gaman að sjá fleiri prófa að taka þátt í mótum í vetur heldur en síðustu ár og vonandi halda þau áfram á þeirri braut, en við leggjum ekki hart að þeim við það heldur gefum þeim það val að æfa án þess að þurfa að keppa. Þeir iðkendur sem áhuga hafa á að keppa fóru á nokkuð af mótum og er þar helst hægt að nefna silfurleika ÍR, Meistaramótin bæði utan- og innanhúss, Gaflarann, Bronsleikar ÍR og fleiri. Stóðu þeir sig með mikilli þýði og flestir, ef ekki allir, hafa tekið nokkrum framförum á árinu. Talsverður fjöldi keppti einnig á unglingalandsmóti UMFÍ um Verslunarmannahelgina og stóð sig með sóma.

Félagið átti árið 2019 nokkra sterka keppendur og má þar helst nefna Sigurstein Ásgeirsson og Guðrúnu Karítas Hallgrímsdóttur sem bæði æfa hjá ÍR og eru meðal þeirra bestu á landinu í sínum aldursflokki í sínum greinum. Þau færðu sig því miður bæði yfir í ÍR um áramótin og óskum við þeim velfarnaðar í framtíðinni og munum áfram gera okkar besta til að styðja við þau þótt þau séu formlega farin úr félaginu.

Umf. Íslendingur



Stjórn félagsins 2020
Formaður Kristján Guðmundsson
Ritari Aðalheiður Kristjánsdóttir
Gjaldkeri Gunnar Örn Kárasón

Knattspyrnu æfingar

Knattspyrnu æfingar voru haldnar á Sverrisvelli í sumar fyrir yngri aldurshópa og voru æfingar á hverjum degi fyrstu vikuna en svo tvisvar í viku. Voru æfingar vel sóttar og ljóst að það er mikill áhugi fyrir slíku. Þjálfarar voru Einar Ágúst Helgason og Marvin Logi Nindel Haraldsson.

Sundnámskeið

Haldin voru sundnámskeið í sumar fyrir tvo elstu árganga leikskóla. Var uppselt á sundnámskeiðið og sá Sólrún Halla Bjarnadóttir um námskeiðið.

17.júní hátíð

Félagið hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl.11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í skjólbeltin með fána þar sem farið er í leiki. Stórt grill er á staðnum sem gestir geta nýtt sér og krakkar fá andlitsmálningu. Sem fyrri daginn var mætingin góð og fólk naut þess að eiga notalega stund saman.

Jónsmessuhátíð

Á mannamótsflöt fögnuðum við Jónsmessuhátíð 27. júní með leikjum og pylsum. Teknir voru inn nýir félagar og fengu þeir plöntu að gjöf frá Skógræktinni. Gott veður og skemmtu börn og fullorðnir sér vel.

Ármót

Ungmennafélagið Íslendingur stóð fyrir ármóti í sundi í Hreppslaug. Mæting var góð og gekk framkvæmd vel, endað var á grilluðum pylsum. Gaman er að segja frá því að Íslendingur var stiga hæðsta félagið og hlaut stiga bikarinn.

Hreppslaug

Laugin var opin yfir sumartímann eins og verið hefur undanfarin ár. Og gekk rekstur laugarinnar vel. Ákveðið var að ráðast í uppbyggingu nýs laugarhús eftir að Skorradalur ákvað að styrkja þá framkvæmd. Eftir verslunarmannahelgi var ráðist í að rífa gömlu bygginguna og er bygging nýs hús í fullum gangi.

Blak

Hvannir héldu úti blakæfingum á Kleppjárnareykjum og Varmalandi. Lítið var um mótahald vegna Covid á árinu 2020.

Dósasöfnun / Svartakusa

Dósasöfnun hefur farið fram reglulega með góðum árangri til fjáröflunar. Frábært er hvað íbúar eru duglegir við að fylla svörtu kusu og styrkja um leið ungmennafélagið. Íbúar er hvattir að halda áfram að fylla kusuna reglulega.

Íþróttahúsið á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingatíma og aðgengi að leikfímishúsi Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt samningi við LBHÍ frá árinu 2005. Tilgangur þess er að tryggja félögum aðgang að húsinu utan hefðbundinna æfingatíma. Lítil starfsemi var í húsinu 2020 vegna Covid.

UMF. Stafholtstungna




Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020

Að loknum aðalfundi sem haldin var 20. febrúar 2019 var ný stjórn kölluð til og farið yfir stjórnarskipti. Núverandi stjórnarskipan er eftirfarandi: Helena Rut Hinriksdóttir formaður, Ólafur Daði Birgisson gjaldkeri og Hafdís Jóhannsdóttir ritari. Í varastjórn eru: Ása Erlingsdóttir og Auður Margrét Ármannsdóttir. Stjórnarfundir voru 3 á árinu ásamt tölvu- og símasamskiptum. Formaður sótti formannafundi á vegum UMSB. Á aðalfundi félagsins var Brynjólfur Guðmundsson félagsmaður tilnefndur til viðurkenningar fyrir óeigingjarnt starf á vegum félagsins og fékk hann viðurkenningu á aðalfundi UMSB.



Fréttabréf félagsins var gefið út á vordögum að venju og var það sent á alla bæi á svæðinu. Þar er farið yfir helstu atburði sem eru á dagskrá og hverjir bera ábyrgð á þeim.

Nýársfagnaður: Líkt og í fyrra var ákveðið að hafa ekki áramótabrennu, þann 2. janúar, eins og hefð var fyrir í mörg ár heldur haldin flugeldasýning í samráði við Björgunarsveitina Heiðar. Ungmennafélagið greiddi þann kostnað sem af því hlaut.



Umhverfisdagur: Haldinn var árlegur umhverfisdagur félagsins, þriðjudaginn 30.júní, í skóginum við Varmaland þar sem nokkrir félagar mættu og nýttu daginn til tiltektar ásamt því að saga frá tré og greinar. Einnig voru gróðursettir nokkrir berjarunnar til að auðga flórana í skóginum okkar. Miðvikudaginn 15.júlí hittust síðan þrír félagar og þökulögðu mön sem búið var að moka upp þegar jarðvegsskipting fór fram fyrir tilvonandi eldstæði. Undanfarin ár hefur Ungmennafélag Stafholtstungna gefið árgangatré til 1.bekkjar við grunnskólann á Varmalandi og það gróðursett. Vegna aðstæðna í samfélaginu varð ekkert úr því þetta árið en það verður bætt úr því síðar. Fylgst hefur verið með þeim árgangatrjáum sem þegar eru komin og eru hugmyndir uppi um að færa þau á betri stað við íþróttavöllinn á Varmalandi.

Líklega þarf að skipta einhverjum út eða setja ný við þá færslu. Í umhverfisnefnd eru Agnes Guðmundsdóttir, Ása Erlingsdóttir og Sæunn Elfa Sverrisdóttir.

Á haustdögum var svo ráðist í að hlaða upp eldstæði eins og staðið hefur til í nokkurn tíma. Fékk félagið Garðabjónustuna Sigur-garða sf. til að sjá um verkið. Til verksins var nýttur sjóður sem varð til þegar að kennari við Varmaland lauk störfum og ákvað að gefa fé til framkvæmda á útisvæðinu til að efla tækifæri barna og annarra til upplifunar í skóginum. Þessi sjóður miðaðist við ákveðna upphæð fyrir hvert ár sem kennarinn, Ingibjörg Daníelsdóttir á Fróðastöðum, vann við skólann. Ungmennafélagið stóð síðan straum að þeim kostnaði sem hlaust af framkvæmdinni þar fyrir utan. Það var því virkilega gaman að sýna Ingibjörgu (Imbu) afraksturinn af því sem hún lagði okkur til með Imbusjóðnum.

Íþróttir: Frjálsíþróttir og knattspyrnuæfingar voru skipulagðar yfir sumartímann líkt og fyrri ár. Ólafur Daði Birgisson þjálfaði. Æfingar voru nokkuð vel sóttar af þeim sem stunduðu þær. Að lokinni síðustu æfingu í ágúst var lokapartý á Varmalandi fyrir þátttakendur. Þann 17.júní kom einn meðlimur félagsins og móðir hópnum á óvart og mætti með pizzur til að næra hópinn. Kunnum við Guðrínu Sigurjónsdóttur bestu þakkir fyrir.

Lítið fór fyrir þátttöku í mótum eða mótahaldi þetta árið vegna aðstæðna í samfélaginu. Í mótanefnd eru: Ásgeir Ásgeirsson og Þórunn Jóna Kristinsdóttir.

17. júní hlaupið sem er 600 m hlaup fyrir börn á aldrinum 12 ára og yngri, var haldið 1.júní á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið í lok skólaársins hjá nemendum GBF á Varmalandi. Að þessu sinni varð Benjamín Mager Hlynsson sigurvegari hlaupsins og fékk hann fyrir það bæði eignar- og farandbikar. Allir þátttakendur fá síðan viðurkenningarpening sem er afhentur við hátíðlega athöfn á skólaslitum GBF í Þinghamri.

Hestaferð: Reiðtúr Ungmennafélagsins var farinn laugardaginn þann, 11. júlí og var lagt af staða frá Bakkakoti. Farið var af stað klukkan 13:00, hver og einn með nesti í poka og var þátttaka nokkuð góð. Í reiðnefnd eru: Valgerður Björnsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir og Auður Margrét Ármannsdóttir.

Gönguferð félagsins var farin laugardaginn 15.ágúst. Ákveðið var að ganga hring í hrauninu við Norðurá og hittust allir á bílastæðinu við Glanna. Gengið var niður með Norðurá og síðan upp í hraunið til að skoða verksummerki eftir brunan í hrauninu fyrr á árinu. Í göngunefnd eru: Birgir Hauksson, Guðmundur Finnsson og Íris Grönfeldt.

Fjáröflun: Dósaöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Gekk söfnunin ágætlega í sumar líkt og hingað til. Dósagámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við bæinn Tún og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að losa gámana reglulega yfir sumartímann og hafa eftirlit með losun þeirra að vetri til. Í dósanefnd eru: Brynjólfur Guðmundsson, Guðmundur Finnsson og Þórunn Jóna Kristinsdóttir.

Leikdeild: Stjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir ritari. Ekki var ráðist í uppsetningu á leikriti eða skemmtun þetta árið enda hefð fyrir því að vera með slíkt annað til þriðja hvert ár.



Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum vinnusömum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

f.h. stjórnar

Helena Rut Hinriksdóttir

formaður

Knattspyrnudeild Skallagríms



Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2020 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.

Almennt um starf deildarinnar

Aðalfundur knattspyrnudeildar Skallagríms 2020 fór fram í maímánuði. Á fundinum var kosinn stjórn deildarinnar og skipuðu hana eftirtaldir aðilar: Páll S. Brynjarsson, Hjalti R. Benediktsson, Jón Arnar Sigþórsson, Gísli Einarsson, Oddný Böðvarsdóttir og Ottó Ólafsson. Oddný Böðvarsdóttir stýrði yngri flokka ráði og með henni í ráðinu voru þau Hrafnhildur Tryggvadóttir og Ottó Ólafsson.

Jón Theodór Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar í júní, júlí og ágúst. Mjög gott var að fá Jón til starfa og er mikilvægt að deildin geti að nýju ráðið framkvæmdastjóra til starfa.

Meistaraflokkur Skallagríms

Meistaraflokkur karla hjá Skallagrími lék í 4. deild sumarið 2020 eftir að hafa fallið úr 3. deild haustið 2019. Æfingar hófust í nóvember 2019 undir stjórn Sölva Gylfasonar, en Sölvi kom til starfa síðla sumars 2019 og þjálfaði þá meistaraflokk ásamt Viktori Má. Declan Redmond var ráðinn aðstoðarþjálfari. Liðið var skráð til þátttöku í Lengjubikar KSÍ en lítið varð úr mótinu sökum Covid-19. Hefðbundnar æfingar féllu niður frá því síðla í mars og fram í miðjan maí. Liðið tók þátt í bikarkeppni KSÍ en féll út í fyrstu umferð eftir tap fyrir Ými. Íslandsmótið hófst síðan um miðjan júní og var staða liðsins mjög góð framan af móti og vorum við í toppbaráttunni í okkar riðli. Slæmur kafli um miðbik sumars varði hins vegar til þess að við komumst ekki í úrslitakeppnina. Markvisst var unnið að því að búa til fastan kjarna heimamanna og fengu fjöldamargir ungir leikmenn tækifæri til að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki.

Á uppskeruhátíð liðsins völdu leikmenn Declan Redmond leikmann ársins og Hilmar Hilmarsson var valinn efnilegasti leikmaðurinn. Viktor Ingi Jakobsson var eins og svo oft áður markakóngur.

Við voru í samstarfi við ÍA í 2 flokki karla og léku nokkrir leikmanna 2 flokks með okkur í fjórðu deildinni.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 2020. Um 140 iðkendur mættu á æfingar hjá okkur á árinu, en fjöldi iðkenda hefur staðið í stað undanfarið. Jón Theodór Jónsson, Declan Redmond og Elvar Atli Guðmundsson störfuðum sem þjálfarar yngri flokka, en Elvar Atli lét af störfum um haustið og þá tók Oliver Fjeldsted við af honum. Sú breyting var gerð s.l. haust að Jón Theodór var ráðinn sem yfirþjálfari yngri flokka.

Yngstu iðkendur í 6 og 7 flokki stráka og stelpna tóku þátt í ýmsum mótum árið 2020 og stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. 5 flokkur stráka tók þátt í Íslandsmótinu, Faxaflóamótinu og N1 mótinu, en 5 flokkur stelpna tók þátt í fjölíðamótum í samstarfi við ÍA. Í 3 og 4 flokki stúlkna voru við í samstarfi við ÍA og spiluðu sameiginleg lið þessara félaga í Íslandsmóti og stóðu sig vel. Í 3 og 4 flokki stráka vorum við líka í samstarfi við ÍA og þar var einnig spilað undir merkjum ÍA-Skallagríms með góðum árangri. Alls spiluðu um 20 ungmenni frá okkur með sameiginlegum liðum ÍA-Skallagríms. Samstarfið við ÍA var okkur mjög gagnlegt og að mörgu leyti vel heppnað. Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið ungmennum sem æfa með Skallagrími upp á samstarf sem þetta, en með því tekst okkur að bjóða þeim upp á að keppa með 11 manna liðum auk þess sem þau geta æft yfir vetrartímann við frábærar aðstæður, en þau æfa alla jafna tvisvar í viku yfir vetrartímann á Akranesi og tvisvar í Borgarnesi.

Það er mikilvægt að okkur takist að fjölga iðkendum í yngri flokkum og við teljum að nú þurfi allir að leggjast á eitt og fjölga þeim börnum og ungmennum sem iðka íþróttir í Borgarbyggð. Það hefur verið ánægjulegt að sjá að krakkar utan Borgarness sækja í auknum mæli á æfingar

hjá okkur og jafnvel krakkar úr öðrum sveitarfélögum, en nefna má að krakkar úr Dalabyggð hafa verið í vaxandi mæli að æfa hjá okkur.

Lokaorð

Starf knattspyrnudeildar Skallagríms var um margt með sérstökum hætti árið 2020. Covid 19 setti sannarlega strík í reikninginn og lengi vel var lítið hægt að æfa, sérstaklega átti það við um meistaraflokkinn. Færri mót voru haldin fyrir yngri flokka og því minna umfang á starfseminni. Tekjur deildarinnar drógust saman þar eða ýmsar fastar fjáraflanir féllu niður og erfiðara var að fá stuðning fyrirtækja. Þessu varð að mæta með samdrætti í útgjöldum, en meðal annars var hætti við að fá erlenda leikmenn til liðs við liðið.

Til þess að fótboltinn geti vaxið frekar í Borgarbyggð er nauðsynlegt að aðstaða til knattspyrnuíðkunar yfir vetrarmánuðina verði bætt. Aðstæður hjá okkur til æfinga yfir sumarmánuðina eru mjög góðar og Skallagrímsvöllur með betri völlum landsins. Fótbolti er hins vegar íþrótt sem stunduð er allan ársins hring. Knattspyrnudeild Skallagríms hefur aðeins örfáa tíma á viku til innanhússæfinga í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi og skólavöllurinn við GB hentar fyrir yngri flokkanna þegar vel viðrar. Völlurinn dugir hins vegar engan veginn fyrir eldri flokka og því verða flestar æfingar hjá meistaraflokki frá því í október og fram í apríllok að fara fram á Akranesi. Þá þurfa öll lið Skallagríms að spila leiki sína yfir vetrarmánuðina á Akranesi eða höfuðborgarsvæðinu sem er algerlega óviðunandi. Það er því afar brýnt að þegar verði hafinn undirbúningur að byggingu knattþúss í Borgarnesi.

Stjórn knattspyrnudeildar Skallagríms vill að lokum þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar fyrir vel unnin störf á árinu 2020. Sérstaklega viljum við þakka þjálfurum og iðkendum fyrir gott starf og foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf. Það er von okkar að árið 2021 skili okkur góðum árangri og verði til þess að treysta enn frekar grunninn að árangursríku starfi Skallagríms.

Umf. Dagrenning



Starfsár ungmennafélagsins Dagrenningar fór heldur rólega af stað en þorablót félagsins var haldið 22. febrúar og tókst vel til og var skemmtunin vel sótt.

Ármót í sundi var haldið í Hreppslaug 9. júní og var mótið haldið í samstarfi UMF. Dagrenningar og UMF. Íslendinga. Félagið átti enga keppendur í þetta sinn en félagar lögðu engu að síður hönd á plóg í mótahaldinu meðal annars sem tímaverðir og pylsugrillarar.

Stjórn boðaði til aðalfundar þann 13. júní í Brautartungu klukkan 11:30 og var borin fram dýrindis súpa og nýbakað brauð. Sigurður Hannes Sigurðsson sem gegnt hefur formannsembætti síðastliðin tvö ár gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og var Sigurborg Hanna Sigurðardóttir kosin formaður félagsins til tveggja ára en auk hennar sitja í stjórn félagsins Orri Jónsson og Óskar Halldórsson.

Að venju var þjóðhátíðadagurinn haldinn hátíðlegur í Lundarreykjadal en þó með breyttu sniði frá því sem verið hefur. Í stað þess að sigla á fjölbreytilegum fleyjum niður Grímsá héldu félagsmenn upp á daginn í Brautartungu þar sem farið var í léttu leiki og kaffiveitingar framreiddar að leikjum loknum. Um kvöldið var kveikt upp í kolunum og kom hver með sitt á grillið og að loknu borðhaldi tók við spurningakeppni og notaleg samvera félagsmanna. Dagurinn tókst afar vel og er þeim nefndarmeðlimum sem að skemmtuninni stóðu færðar bestu þakkir.

Orkan, yngri deild félagsins var nokkuð virk á starfsárinu og t.d. um Verslunarmannahelgina tók félagið á leigu hoppu-sjóræningjaskip og var því lagt að bryggju á Skarði í Lundarreykjadal og vakti hoppikastalinn mikla kátínu meðal unga fólksins. Orkan lét þó ekki þar við sitja heldur stóð félagið fyrir fjáröflun þessa helgi með sölu á grilluðum hamborgurum og meðlæti. Flott framtak. Barnaskemmtun yngri kynslóðarinnar var haldin 20.desember í Brautartungu.

Fyrir hönd UMF. Dagrenningar

Sigurborg Hanna Sigurðardóttir

Gólfklúbbur Borgarness



Í stjórn klúbbsins:

Formaður Guðmundur Daníelsson

Varaformaður Ingvi Árnason

Ritari Andri Daði Aðalsteinsson

Gjaldkeri Margrét Katrín Guðnadóttir

Meðstjórnandi Magnús Fjeldsted

Inngangur

Nú er að baki 47. starfsár Golfklúbbs Borgarness. Hvað getum við sagt um 2020? Fordæmalaust, myndu margir segja. Við höfum þurft að gera margt á annan hátt þetta ár en við erum vön að gera. Golfárið byrjaði með því að við settu boltann ekki ofan í holuna heldur í svampinn og máttum ekki snerta flagstöngina. Mikil umræða fór í gang um sóttvarnir á golfvöllum og var um tíma bannað að leika golf. En það stóð stutt og vorum við það heppin að við gátum nánast allt golf tímabilið spilað með smá aðlögunum. Fáir ef einhverjir fóru erlendis til að leika golf eða í öðrum erindagjörðum og var því mikið af golfurum á landinu og var ásókn í rástíma á golfvöllum í kringum höfuðborgarsvæðið mjög mikil og var Hamarsvöllur engin undantekning. Stjórn klúbbsins tók strax þá stefnu að fylgja tilmælum sóttvararyfirvalda eins vel og mögulegt var. Ég vil þakka öllum fyrir ábyrga afstöðu til sóttvarna og að taka þessum nýja aðstæðum með jákvæðni í huga og hjálpuðu við að halda uppi sóttvörnum. Í þessu nýja umhverfi tókum við líka í gagnið nýtt tölvukerfi GSÍ og var þar margt að læra bæði fyrir starfsmenn klúbba og almenna kylfinga. Ekki voru allir sáttir við nýtt kerfi í fyrstu en tel ég að flestir séu farnir að ná tökum á GolfBox og séum komnir uppá lagið með notkun þess.

GolfBox kom til okkar á mjög góðum tíma í tilliti til ástandsins sem var í sumar. Nú þurfum við ekki að skiptast á skorkortum heldur getum haldið utan um skor meðspilara og okkar í gegnum símtækið. Margir möguleikar eru í kerfinu og erum við ekki byrjuð að nota nema lítinn hluta af því sem boðið er uppá. Samhliða þessu nýja tölvukerfi var tekið upp nýtt forgjafarkerfi World Handicap System (WHS). Eins og gengur þá tekur smá tíma að læra inná nýtt kerfi. Forgjöf kylfinga hækkaði almennt við þessa breytingu. En í þessu nýja kerfi á forgjöfin að gefa gleggri mynd af stöðu kylfingsins á hverjum tíma. Meðan eldra kerfi sýndi frekar hversu góða hring kylfingurinn var fær um að leika.

Rekstur golfklúbbsins

Áfram var unnið eftir þeirri fjárhagsáætlun sem að gerð var við fjárhagslega endurskipulagningu

klúbbsins fyrir nokkrum árum. Það er verið að stefna að því að vinna í haginn og til að eiga sjóði uppá að hlaupa fyrir mögru árin. Mikið aðhald hefur verið í rekstri vallarins og farið er hægt í fjárfestingar en þó eru ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar sem nýtast í rekstri vallarins. Ef litið er á rekstur klúbbsins og hann miðaður við klúbba sem við almennt miðum okkur við, sem eru þá með svipaðan völl og markhóp. Þá sést það vel að rekstur klúbbsins okkar er í góðri stöðu og er vel um hann haldið. Þarna eigum við framkvæmdastjóra okkar Jóhannesi Ármannssyni mikið að þakka. Hann hefur staðið vaktina fyrir okkur í 14 ár og er að skila frábærum velli og mjög góðum rekstri. Eins og í fyrra var félögum boðið uppá að greiða félagsgjaldið með eingreiðslu fyrir 1. febrúar og fengu félagar þá 10% afslátt af félagsgjaldinu. Þetta mældist vel fyrir og nýttu margir félagar sér þetta. Hjálpar þetta klúbbum að brúa bilið yfir vetrarmánuðina þangað til að vallar- og mótatekjur fara að koma inn að vori. Unnið hefur verið að því að skipta um grastegund á flötum vallarins. Það hefur tekist vel og voru flatirnar með besta móti í sumar og þá sérstaklega í haust. Þar sem árangur að þessu breytingum fóru að koma vel í ljós. Töluðu margir um að flatirnar í Borgarnesi væru alveg eins og bestu flatir erlendis. Sveitarfélagið Borgarbyggð úthlutaði í maí úr framkvæmdasjóði til íþrótt- og tómstundafélaga 2020. Fékk golfklúbburinn þar styrk uppá 848.477.- kr. til þriggja verkefna. Heildar styrkveiting úr sjóðnum eru fjórar milljónir kr. Viljum við þakka sveitarfélaginu fyrir þessa styrkveitingu. Við vonum að heildarstyrkúthlutun þessa sjóðs komi til með að hækka í framtíðinni með það að markmiði að bæta aðstöðu íþrótt- og tómstundafélaga í Borgarbyggð. Þá lagði sveitarfélagið klúbbum til tvo starfsmenn í sumar og metum við þann styrk uppá tvær milljónir þar sem sveitarfélagið greiddi laun þessara starfsmanna. Þökkum við Borgarbyggð fyrir þetta framlag.

Við munum áfram þrýsta á sveitarfélagið að gera samningu um rekstarstyrk til nokkurra ára þannig að fyrirsjáanleiki í rekstra klúbbsins varðandi styrki frá sveitarfélagi verði meiri og áætlanagerð til framtíðar verði skýrari. Klúbburinn fjárfesti í nokkrum smærri tækjum til notkunar við umhirðu vallarins. Þetta var gert með það að leiðarljósi að auka sjálfbærni klúbbsins þannig að við þyrftum ekki að leita til annarra aðila með tæki. Aðsókn að vellinum okkar var með eindæmum góð. Strax í vor var aðsókn góð, svona þegar covid var í lögð og við fengum að spila golf. Alls voru spilaðir 18.291 hringir á vellinum í sumar. Þar af spiluðu klúbbfélagar 3.922 hringi. Þátttakendur í mótum voru 1.913 og vallargjalda hringir voru 12.456. Er þetta 33% heildar aukning eða 4.555 fleiri hringir en árið 2019. Með þessu hækkuðu vallargjaldatekjur um 5,4 milljónir milli ára. Rekstrarniðurstaða ársins 2020 er frábær. Tekjur ársins 2020 voru 66,9 m.kr. Gjöld voru 51,6 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 15,3 m.kr. Þetta er frábær niðurstaða og merki um frábært golfsumar þar sem að aðsókn var mjög góð að okkar frábæra velli. Við bindum vonir við að áframhald verði þar á og sumarið 2021 verði okkur einnig gott.

Framkvæmdir, völlurinn

Í vor var farið af stað í að loka nokkrum sandgryfjum á vellinum. Bæði til að auðvelda umhirðu og einnig þar sem að ákveðnar gryfjur voru farnar að falla saman og farið að vanta sand í þær. Mjög erfitt var að fá sand á landinu sem hæfir glompum á golfvelli. En við því var brugðist og hófst hörpun sands í sumar og jókst þá framboð af sandi. Skipt var um gras og nokkrum fötum og hefur það komið virkilega vel út. Flatirnar eru eins og best verður á kosið og er gaman að sjá hvað Jóhannes hefur náð langt með þessar breytingar á vellinum. Hamarsvöllur var umtalaður eins og áður fyrir góða umhirðu. Voru vallaraðstæður allar til fyrirmyndar í sumar svo eftir var tekið. Kylfingar kvöddu okkur með bros á vör og þökkðu pent fyrir sig: „flottur völlur“, „frábær green!“. Gott umtal er okkar besta auglýsing það spyrst út og fleiri koma að spila.

Framkvæmdir, Eyjan

Skipt var um gervigras á púttvellinum. Sett var fyrsta flokks púttgervigras á völinn sem líkir betur eftir eðlilegu grasi. Þá var farið yfir rafmagn í Eyjunni og þeim málum komið á betri stað. Vegna Covid-19 faraldursins var minna starf í Eyjunni en áður. Sóttvarnarlega séð þá er Eyjan ekki mjög góð. Loftræsting er ekki góð og nándin er mikil þar sem að púttgrínið er ekki stórt. Eldriborgarar sem að hafa komið saman og púttað í Eyjunni gátu ekki notað aðstöðuna eins mikið og þeir hefðu kosið en vonandi sér fyrir endann á þessu ástandi svo félagar geti notið sín í Eyjunni okkar aftur.

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri sinnti einnig vallarstjórn líkt undanfarin ár. Völlurinn var frábær í ár og hefur aldrei verið í eins góðu standi og hann var í sumar. Fyrri hluta árs var Björgvin Óskar Jóhannesi til halds og trausts. Björgvin sá um skrifstofuna fyrir klúbbinn og sinnti þar erindum. Þökkum við Björgvini Óskari kærlega fyrir hans áralanga framlag til klúbbsins. Það er ómetanlegt að eiga mann eins og BOB. Seinni hluta árs sinnti Jón Örn Ómarsson skrifstofu klúbbsins og var Jóhannesi innan handar varðandi móta- og rástímamál ásamt öðrum verkefnum. Þökkum við Jóni Erni fyrir hans framlag. Ingvi Árnason stóð einnig vaktina eins og svo oft áður. Í mörg horn var að líta við innleiðingu nýja tölvukerfisins GolfBox og var Ingvi þar fremstur í flokki þegar að því kom hjá klúbbnum. Fær Ingvi sérstakar þakkir fyrir þá vinnu. Þórhallur Teitsson var allt í öllu og var algerlega óstöðvandi í sínum störfum sem hann sinnti af elju og voru vaktirnar oft langar hjá Þórhalli. Hann var mættur snemma að morgni og fór ekki heim fyrr en eftir að dimmt var orðið aftur. Þórhalli eru færðar þakkir fyrir hans góða starf. Guðbrandur Magnússon, bifvélavirki sá um viðhald á vélum. Þegar hann var ekki í viðgerðum á vélum vann hann sem vallarstarfsmaður. Aðrir vallarstarfsmenn voru: Ásmundur Þór Guðmundsson, Hilmar Elís Hilmarsson Davíð Freyr Bjarnason, Ólafur Vernharð Jónsson og Kristján Jakobsson. Starfsmenn frá Borgarbyggð voru: Þórir Örn Hafsteinsson og Aron Hauksson. Sjálfbóðaliðastarf er klúbbnum okkar mikilvægt. Þar vil ég færa Þórhalli Teitssyni þakkir fyrir hans mikla framlags við umhirðu vallarins og umhverfi hans. Bergsveinn



Símonarson tók einnig að sér ýmis störf. Jón Georg Ragnarsson tók ýmis verkefni og veitti aðstoð á ýmsum sviðum. Færum við Jonna kærar þakkir fyrir aðstoðina. Jonni, Hreinn Vagnsson og Jakob Skúlason bættu teiga í sumar og unnu það verk vel enda hörku naglar þar á ferð. Þá viljum við þakka öllu því fólki sem kom að hjóna- og paramótinu og Landsmóti eldri kylfinga ásamt öðrum viðburðum klúbbsins. Þar viljum við færa Jóni Haraldssyni, Jakobi Skúlasynti, Hans Egilssyni, Sveinbjörgu Stefánsdóttur og Þorkeli Má Einarssyni sérstakar þekkir Ebba var eins og áður með sína grænu fingur á lofti og fegraði umhverfi okkar og sýndi gróðrinum okkar umhyggju og alúð. Það er ómetanlegt að eiga góða og óeigingjarna sjálfböðaliða að. Þeir gegna mikilvægu hlutverki í starfi klúbbsins og án þeirra væri reksturinn mikið erfiðari. Við færum þessum starfsmönnum, launuðum sem ólaunuðum þakkir fyrir öll þeirra góðu störf. Jóhannesi framkvæmdastjóra vil ég færa mínar bestu þakkir fyrir hans frábæra starf. Jóhannes er sífellt að færa völinn okkar uppá hærra plan ásamt ásýnd klúbbsins. Völlurinn okkar er perla og er Jóhannes búinn að sjá vel um hana. Takk Jói!

Mótahald

Á árinu voru haldin 16 innanfélagsmót. Þátttaka í innanfélagsmótum var með besta móti eða um 600 skráningar í þessi 16 mót eða tæplega 38 skráðir í hvert mót að meðaltali. Vanur/Óvanur mót sem voru haldin í sumar mældust vel fyrir og verður vonandi framhald á þeim mótum. Í þeim kynnst félagar G.B. betur og leika golf með öðrum en þeir eru allajafna vanir. Þá var GB mótariðin og Herra mótariðin með svipuðu sniði og áður og var þátttaka góð í þeim mótum. Opin mót í sumar voru 4. Þar ber fyrst að nefna nefna „Hjóna & paramót Heimsferða, Adidas.is, Herragarðsins, Hugo Boss, Mathilda og Hótel Hamars“. Heppnaðist það með miklum ágætum og var almenn ánægja með mótið. Nánast var uppselt í mótið um leið og mótið kláraðist fyrrasumar 2019. Þannig var ásóknin. Nokkrum rástímum var bætt við frá 2019 og var biðlisti í mótið þrátt fyrir það Önnur opin mót á vegum G.B. sumarið 2020 voru: Opna Ícelandair-Hótel Hamar, Opna Nettó – Borgarnes og Opna Egils Gull „léttöl“. Alls voru 776 þátttakendur í opnum mótum á Hamarsvelli sumarið 2020. Styrktarmót Bjarka Péturssonar var haldið í lok september og voru þátttakendur þar 156. Þar gátu kylfingar keypt „dræf“ af Íslandsmeistararnum Bjarka Péturssyni á 9. holu og pútað þá fyrir erni. Bjarki og hans fólk höfðu veg og vanda af mótinu sem tókst í alla stað vel. Haldin voru tvö GSÍ mót á Hamarsvelli í sumar. Það voru Mótarið eldri kylfinga (nr.2) og svo Íslandsmóti eldri kylfinga 50+/65+. Samtals mættu 282 í þessi mót Nánar er farið yfir mótahald G.B. í skýrslu móta- og forgjafarnefndar 2020.

Fjöldi félaga, tekjur af félags- valla- og mótagjöldum

Félögum klúbbsins fjölgaði um 84 frá fyrra ári, eru nú 268 en voru 186 árið 2019. Er þetta aukning um 46%. Mjög ánægjulegt var að sjá að félögum 18 ára og yngri fjölgaði úr 12 í 36 á árinu eða um 200%. Konur eru 33,6% félaga og stúlkur 4,9% eða samtals 38,5%. Karlar eru 53% félaga og drengir 8,5% eða samtals 61,5%. Er klúbburinn okkar með aðeins jafnari skiptingu en ef litið er á landið í heild. En í klúbbum landsins eru 69% karlar og 31% konur. Þegar kemur að yngri kylfingum þá erum við að nálgast landsmeðaltal. Kylfingar 19 ára og yngri á landinu eru 14,25% en hlutfall 18 ára og yngri er 13,5% í klúbbum okkar. Tekjur af félags- valla- og mótagjöldum eru nú samtals 55,4 m.kr. Voru 40,5 á síðasta ári, hafa hækkað um 15 m.kr. milli ára. Þá höfðu þessar tekjur af félags- valla- og mótagjöldum aukist um 15 m.kr. frá fyrra ári. 30 milljón króna aukning á tveim árum og voru 25,5 m.kr. árið 2018.

Árangur félaga GB á árinu

Meistaramót G.B. Albert Garðar Þráinsson og Hansína Þorkelsdóttir urðu klúbbmeistarar G.B. árið 2020. Óskum við þeim og öðrum verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn. Alls tóku 52 kylfingar þátt í mótinu. Mótið var haldið með breyttu formi. Auk hefðbundins „höggleiks án forgjafar“ sem var áfram leikin í efstu flokkum karla. Í öðrum flokkum var leikið blandað fyrirkomulag Höggleiks með Hámarks skori og Punktakeppni með forgjöf. Anton Elí Einarsson tók þátt í Unglingamótaröð GSÍ 19-21 árs. Stóð hann sig mjög vel þar og varð meðal annars í öðru sæti á móti sem haldið var hjá Golfklúbbi Reykjavíkur á Grafarholtsvelli í lok júlí.



Íslandsmót Golfklúbba

Íslandsmót Golfklúbba fór fram í ágúst. Tvær sveitir tóku þátt í keppninni í ár. Sveit karla keppti í 3. deild sem fram fór á Ólafsfirði Grindavíkur, 21.-23. ágúst. Sveitin hafnaði í 5. sæti og leikur áfram 3. deild að ári. Sveit öldunga í karlaflokki keppti í 2. deild sem fram fór Kirkjubólsvelli í Sandgerði dagana 20.-22. ágúst. Gerðu okkar menn sér lítið fyrir og unnu deildina og spila því í 1. deild að ári. Óskum við þeim til hamingju, glæsilegur árangur það. Ekki voru sendar sveitir til keppni í kvennaflokki.

Íslandsmeistari í golfi 2020

Þá ber að nefna frábæran árangur Bjarka Péturssonar. Hann gerði sér lítið fyrir og vann Íslandsmótið í höggleik sem fór fram hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Bjarki sýndi þar hver hann er megnugur og spilaði frábært golf og landaði þar átta högga sigri. Er þetta fyrsti Íslandsmeistaratitill Bjarka í höggleik. Frábær árangur hjá Bjarka. Erum við öll rosalega stolt af Bjarka og óskum honum alls hins besta í framtíðinni og hlökkum til að fylgjast með honum.

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2019

Bjarki Pétursson var valin íþróttamaður Borgarfjarðar 2019 og tók við þeim titli í Hjálmakletti 5. janúar 2020. Við þá athöfn var farið yfir afrek Bjarka á árinu 2019. Þar sagði: „Bjarki stóð sig vel á árinu en hann var í sigurliði Kent State í Mid-American Conference 2019. Hann spilar fyrir hönd Íslands á Evrópumóti einstaklinga, liða í Austurríki og í Svíþjóð. Hann var sá áhugamannakylfingur sem var á besta skori í atvinnumannamóti í Finnlandi sem er á vegum Nordic League mótaráðarinnar. Bjarki er einnig einn fimm Íslendinga sem hafa unnið sér inn keppnisrétt í Challenge Tour mótaröðinni. Hann var eini áhugakylfingurinn í heiminum árið 2019 sem komst í gegnum 2. stig og spilaði á 3. stigi fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Um er að ræða sterkustu mótaröðina í Evrópu og næst sterkustu í heiminum.“

Golfkennsla

Anton Elí Einarsson bar þungan af kennslu barna og unglinga fyrri hluta ársins. Æfingar fóru fram í Eyjunni. Um 15 krakkar voru að mæta á þessar æfingar og var ánægja með þessar æfingar. Þökkum við Antoni Elí kærlega fyrir hans starf í þágu barna- og unglingstarfsklúbbsins. Við fáum vonandi að njóta krafta hans áfram við æfingar. Í lok maí

hófu Bjarki Pétursson og Guðmundur Daníelsson opnar æfingar fyrir meðlimi klúbbsins og aðra sem langaði að prófa golf eða bæta sig í íþróttinni. Skipt var í 5 hópa. 1.- 4. bekk, 5.-10. bekk, nýliða, karlar og konur. Reynt var að hafa æfingarnar sem fjölbreyttastar og hafa þær þannig að fólk á öllum getustigum gæti haft gaman og not af æfingunum. Alls voru haldnar 25 æfingar í sumar. Að meðaltali mættu 31 kylfingar á hverjum degi eða 786 mætingar í heildina. Um 12 börn og unglingar voru að mæta á æfingar í sumar. Þjálfarar vona að við getum hækkað þá tölu á komandi ári með áframhaldandi æfingum og skipulögðu golfstarfi fyrir börn og unglinga í Borgarbyggð. Allt uppí 15 konur voru að mæta í hvern tíma og var það mjög ánægjulegt að sjá svona margar konur sem mættu vel í allt sumar. Örlítið færri karlar voru að mæta en allt upp í 12 mættu á æfingu og telst það góð mæting. Þá var það nýliðahópurinn. Þar vorum mættir verðandi kylfingar, fullir af áhuga og stunduðu æfingarnar vel og með jákvæðni í huga. Það var virkilega ánægjulegt að sjá þessi nýju andlit að Hamri og vonandi sjáum við þau öll og fleiri til næsta sumar. En allt að 12 nýliðar voru að mæta á hverja æfingu. Nokkuð var um að fólk utan Borgarbyggðar væri að mæta á æfingar en það hafði frétt af opnum æfingum hjá Golfklúbbi Borgarness. Ákvað að gera sér ferð í Borgarnes og kíkja á æfingu. Það er eins dæmi hjá golfklúbb á Íslandi að bjóða uppá opnar æfingar eins og þessar. Við teljum þetta vera mjög góða auglýsingu fyrir klúbbinn okkar og golfvöllinn. Fá fleira fólk á svæðið og kynna því starfið. Bjarki og Guðmundur buðu líka uppá einkakennslu og hópakennslu. Var nokkuð um að kylfingar nýttu sér það. Einna vinsælast var að fara í spilakennslutíma hjá þeim félögum. Samstarfsaðilar Samstarfið við Hótel Hamar gekk vel og var umgjörðin glæsileg að vanda á hótelinu. Starfsfólk hótelsins stóð vaktina með okkur í vor þegar nýtt tölvukerfi var tekið í notkun. Voru þau einstaklega liðleg, þolinmód og lærdómsfús við þá breytingu. Mikið var um hótélbókanir kylfinga árið 2020 og var „Hamar“, bæði hótelið og golfvöllurinn mjög vinsæll hjá golfurum í ár. Á Hamri gátu kylfingar upplifað „Golf away from home“, sem ekki var hægt að upplifa erlendis eins og undafarin ár, vegna Covid19. Viljum við vil þakka Sigurði Ólafssyni hótelstjóra, Bryndísi, Guðveigu og öllu starfsfólki Hótel Hamars fyrir samstarfið á undanförunum árum og þökkum frábæra þjónustu. Félagar Við höfum tekið saman hvaða félagar hafa leikið flesta hringi á árinu 2020. Þar eru það hjónin Fjóla Pétursdóttir og Pétur Sverrisson sem eru á toppnum. Þau hafa spilað 210 hringi samtals. Konur: Fjóla Pétursdóttir 107 hringir spilaðir karlar: Pétur Sverrisson 103 hringir spilaðir Þá hefur Ingvi Árnason tekið saman skemmtilega tölfræði um erfiðustu holurnar á vellinum okkar. Er þar að sjá marga áhugaverða punkta. Hér má sjá leikna hringi ásamt skorskiptingu. Hér fyrir neðan her hægt að sjá tölfræði fyrir hverja holu á Hamarsvelli. Þá er tilgreindur fjöldi skora á holu miðað við par. Í dálknum „Flokkun“ (blár) eru holurnar númeraðar eftir því hversu erfiðar þeir reyndust kylfingum í sumar og hola með töluna einn er erfiðust og 18 er sú léttasta. Í dálknum „Forg. nú!“ (gulur) er holunum raðað eftir þeirri forgjafarröðun sem við þekkjum af skorkortinu og því hvernig við röðum forgjafarpunktum okkar niður á hringinn. Ef við setjum liti niður á þessa tölfræði á erfiðleikastuðli holana þá lítur þetta nokkurn vegin svona út og spurning hvort að klúbburinn eigi að óska eftir nýju forgjafarmati fyrir Hamarsvöll.

Lokaorð

Hér hef ég farið yfir það helsta sem fór fram á árinu 2020. Þessu fordæmalaus ári eins og oft er sagt. En ég held að við getum með sanni sagt að golfárið 2020 hjá Golfklúbbi Borgarness hafi verið fordæmalaust. Aldrei hafa fleiri kylfingar heimsótt okkur. Aðstæður voru allar hinar bestu. Við eignuðumst Íslandsmeistarann Bjarka Pétursson. Eldri karlasveitin vann sína deild og spilar í 1. deild að ári. Hjóna- og paramótið varð enn stærra og festi sig enn betur í sessi. Við tókum upp nýtt tölvukerfi og forgjafarkerfi. Félagum fjölgaði um 46% og þar af var 200%

fjölgun í barna- og unglingahópnum okkar. Ekkert er í kortunum annað en að við getum haldið áfram á þessari vegferð og gert klúbbinn okkar enn flottari og bætt þjónustu við kylfinga enn frekar. Saman getum við gert góða hluti enn betri. Stöndum saman og verum stolt af klúbbum okkar og vinnu áfram á þessari braut. Þetta ár var annað árið mitt sem formaður Golfklúbbs Borgarness og í stjórn hef ég setið síðan 2013. Ég hef ákveðið að láta af embætti og láta öðrum eftir þetta embætti. Ég vil þakka öllum þeim sem að ég hef unnið með á þessum tíma í þágu klúbbsins. Þá vil ég sérstaklega þakka núverandi stjórn klúbbsins fyrir samstarfið. Svo vil ég enn fremur þakka Jóhannesi Ármannssyni, Ingva Árnasyni, Björgvini Óskari Bjarnasyni, Bjarka Péturssyni og Jóni Georg Ragnarssyni fyrir alla aðstoð og samstarf á þessum árum.

Áfram Golfklúbbur Borgarness!
F.h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Guðmundur Daníelsson

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálasterfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSí. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvári félaganna út á við.

4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSí.

6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSí.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelldt má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukþings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

- Setning
- Kosning þingforseta og ritara
- Kosning kjörbréfanefndar
- Skýrsla stjórnar og reikningar
- Álit kjörbréfanefndar
- Kosning starfsnefnda þingsins
- Inntaka nýrra aðildafélaga
- Umræður um skýrslu stjórnar
- Ávörp gesta
- Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga
- Þinghlé – nefndir starfa
- Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu
- Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu
- Kosning stjórnar
- Kosning á íþróttahing ÍSÍ
- Önnur mál
- Þinggerð - þingslit

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skyld er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafli: Önnur ákvæði

18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögmætu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótta- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársreikningur 2020

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2020 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 3.797 þús. kr. og eigið fé í árslok er 18.621 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Borgamesi 2.3.2021

Stjórn:

[Handwritten signature]
 Jónfur Guðbj. Brannadóttir

Rakel Guðjónsdóttir

Bjarni Þór Traustason

Framkvæmdsstjóri:

[Handwritten signature]
 Jónur Guðmundsson

Ég hef aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Borgamesi 2.3.2021

[Handwritten signature]
 Þórunn Bragadóttir

Við undirritaðir kjómur skoðunarmenn Ungmennafélags Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2020. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2020 og efnahag þess í árslok 2020. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgamesi 2.3.2021

[Handwritten signature]
 Þórunn Bragadóttir

[Handwritten signature]
 Þórunn Bragadóttir

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur 2020

Rekstrarreikningur 2020

	Skýr.	Áætlun 2020	2020	2019
Rekstrartekjur				
Félagaskattur	1	1.333.800	1.623.150	1.333.800
Framlög og styrkir	2	22.884.000	24.144.226	22.838.136
Lottó	3	8.850.000	11.639.860	9.249.382
Tekjur V/íþróttu og móta		2.500.000		
Húsa- og vallarleigutekjur	4	28.654.000	29.047.368	28.654.000
Rekstrartekjur alls		64.221.800	66.454.604	62.075.318

Rekstrargjöld

Laun og verktakagreiðslur	5	18.833.158	18.152.018	17.995.567
Styrkir til aðildarféлага	6	10.609.657	13.116.940	10.442.518
Kostnaður v/ mótahalds	7	918.000	0	119.549
Rekstur mannvirkja	8	29.271.168	28.616.398	28.748.603
Rekstur skrifstofu	9	1.733.422	2.008.118	1.361.523
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	1.250.000	611.515	744.176
Afskriftir rekstrarfjármuna	11	93.683	93.683	800.780
Rekstrargjöld alls		62.615.405	62.598.672	60.212.716

Rekstrarafkoma án fjárm.- og fjárm.liða	1.606.395	3.855.932	1.862.602
--	------------------	------------------	------------------

Fjármunatekjur-fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur	3.538	63.558
Fjármagnsgjöld	(62.277)	(41.523)
	(58.739)	22.035

Rekstrarafkoma tímabils	3.797.193	1.884.637
--------------------------------	------------------	------------------

Efnahagsreikningur 31.12 2020

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir	11	7.081.098	7.174.781
Fastafjármunir samtals		7.081.098	7.174.781
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		1.369.949	1.230.258
Handbært fé	12	17.709.890	14.667.098
Veltufjármunir samtals		19.079.839	15.897.356
Eignir samtals		26.160.937	23.072.137

Efnahagsreikningur 2020

Óráðstafað eigið fé		10.051.475	8.166.838
Endurmatsreikningur		4.773.030	4.773.027
Afkoma ársins		3.797.193	1.884.637
Eigið fé samtals		18.621.698	14.824.502
Skammtímaskuldir			
Ógr. Laun og launatengd gjöld	13	561.761	505.022
Aðrar skammtímaskuldir		2.821.401	3.957.247
Afreksmannasjóður	14	4.156.077	3.785.366
Skammtímaskuldir samtals		7.539.239	8.247.635
Skuldir og eigið fé samtals		26.160.937	23.072.137

Sundurliðanir

1. Félagaskattur

Félagaskattur	1.623.150	1.333.800
	1.623.150	1.333.800

2. Framlög og styrkir	2019	2020
Styrkir ÍSÍ og UMFÍ		
Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	675.521	562.711
Fræsl og verksj. UMFÍ	291.491	0
	967.012	562.711
Styrkir, bæjarfélag		
Styrkir frá sveitarfélögum	22.827.174	20.991.572
Skorradalshreppur	163.041	155.453
	22.990.215	21.147.025
Aðrir styrktaraðilar		
Ísl Getraunir 3% héraðssamb.	66.999	63.400
Styrkur frá KPMG	0	1.000.000
Tekjur frá UMFÍ	0	0
Innborgað frá styrktaraðila	70.000	0
Íslensk Getspá auglýsing	50.000	65.000
	186.999	1.128.400
3. Lottó		
Lottó ÍSÍ	4.675.182	3.739.866
Lottó UMFÍ	6.964.678	5.509.516
	11.639.860	9.249.382
4. Húsa- og vallarleigutekjur		
Húsaleiga	845.000	780.000
Tjaldleiga	0	40.000
Umhirða íþróttavalla	6.000.000	6.000.000
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	22.202.368	21.834.000
Húsa og vallarleigutekjur	29.047.368	28.654.000
Heildartekjur samtals	66.454.604	62.075.318

Sundurliðanir	2020	2019
5. Laun		
Laun skrifstofu	13.004.504	12.631.009
Tryggingagjald	1.029.730	1.041.289
Lífeyrissjóður	1.755.610	1.691.377
Orlofs- og sjúkrasjóður	213.225	206.723
Slysatryggingar	18.578	18.109
Laun	16.021.647	15.588.507
Bifreiðakostnaður	1.456.088	1.557.060
Dagpeningar	674.283	850.000
Bifreiðaskostnaður og dagpeningar	2.130.371	2.407.060
Laun og verktakagreiðslur alls	18.152.018	17.995.567
6. Styrkir til aðildarfélaga		
Aðildarfélög v lottó	6.439.754	4.798.997
Afreksmannasjóður v lottó	505.270	488.063
Starfsstyrkir til aðildarfélaga	5.441.916	4.441.917
Bókhaldsstyrkur KPMG	680.000	373.541
Ferðastyrkir (2020 er leiðr v/2018)	50.000	340.000
Styrkir til aðildarfélaga alls	13.116.940	10.442.518
7. Kostnaður v/ mótahalds		
Verðlaunapeningar	0	28.520
Kostnaður móts	0	91.029
Kostnaður v/ mótahalds alls	0	119.549

	2020	2019
8. Rekstur mannvirkja		
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	22.202.368	21.834.000
Umhirða íþróttavalla	6.000.000	6.000.000
Rekstur Borgarbraut 61		
Tryggingar	25.279	31.241
Viðhald - Málun	0	276.620
Fasteignagjöld	98.144	96.176
Vatns- og fráveitugjöld	56.377	55.707
Annar kostnaður	0	52.674
Sameiginlegur kostnaður	234.230	402.185
Rekstur mannvirkja alls	28.616.398	28.748.603

Sundurliðanir

9. Rekstur skrifstofu		
Sími	191.394	270.541
Ritföng og annar skrifst.kostn	139.852	100.223
Kostnaður v funda	0	250.270
Skrifborð og önnur áhöld	175.089	86.800
Tölvukostnaður	97.411	56.536
Bókhaldskostnaður	244.900	351.192
Kostnaður v ársskýrslu	210.083	178.605
Kostnaður sportabler	868.000	0
Innheimtakerfi NORI / Greiðslumiðlun	81.389	67.356
Rekstur skrifstofu	2.008.118	1.361.523

10. Kynning fræðsla og útbreiðsla		
Ferðakostnaður v/námskeiða	0	75.000
Styrkir	0	25.620
Fréttabréf / auglýsingar	42.630	181.195
Heimasíða	200.210	73.150
Íþróttamaður Borgarfjarðar	162.435	227.840
Þing- og samráðsfundir	0	112.590
Námskeið - kostn á móti styrkjum úr Fræ og verk	206.240	48.781
Kynning fræðsla og útbreiðsla	611.515	744.176

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	2019	2020
Borgarbraut 61	6.874.928	6.874.928
Hluti í þinghamri	4.001	4.001
Safnahús	3.000	3.000
Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
Tölva og fylgihlutir	55.269	55.269
Húsgögn	38.414	38.414
Tjald	42.126	42.126
Ípóttááhöld	150.000	950.780

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals

7.174.781	7.975.561
	(800.780

afskriftir tölva og húsgögn

(93.683)	)
------------	---

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals

7.081.098	7.174.781
------------------	------------------

12. Handbært fé

Bankareikningur 59	15.180.131	12.528.119
Bankareikningur 552045	2.529.759	2.138.979

Handbært fé samtals

17.709.890	14.667.098
-------------------	-------------------

13. Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreidd laun	0	0
Ógreiddur lífeyrissjóður og stéttarfélagsgj.	267.711	252.137
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	294.050	252.885
Ógreiddir skattar utan staðgreiðslu	0	0

Ógr. laun og launatengd gj.

561.761	505.022
----------------	----------------

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Afreksmannasjóður - Ársreikningur 2020

	2020	2019
14. Afreksmannasjóður		
Staða í upphafi árs	3.785.366	3.304.578
Framlög v/lottó	505.270	488.063
Framlag Borgarbyggð	345.537	333.433
Framlag Skorradalshreppur	57.560	55.572
Styrkir	(540.000)	(420.000)
Vextir	2.344	23.720
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	4.156.077	3.785.366
Rekstrartekjur		
Framlög UMSB v/ lottó	505.270	488.063
Framlag Borgarbyggð	345.366	333.433
Framlag Skorradalshreppur	57.560	55.572
Vextir	2.344	23.720
Tekjur samtals	910.540	900.788
Rekstrargjöld		
Styrkir	540.000	420.000
Gjöld samtals	540.000	420.000
Rekstrarniðurstaða	370.540	480.788
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Bankareikningur	2.529.759	2.138.979
Krafa á UMSB	1.626.318	1.646.387
Eignir samtals	4.156.077	3.785.366
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	4.156.077	3.785.366

